



## Rögnvaldur Sveinbjörnsson

---

Bjarni Benediktsson – Rögnvaldur Sveinbjörnsson – sundnemar – gríma – sundróla

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnámálamaðurinn

Askja 2-5, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Keflavík 8/12 1936.

Heiðraði herra!.

Ég leyfi mér að rita yður nokkrar línur viðvíkjandi umsókn minni til bæjarstjórnarinnar um sundkenslu starf við sundhöllina í Reykjavík, ég hefi að vísu rætt um umsókn mína við yður áður, og myndi ekki hafa farið að hveifa því frekar við yður, ef að ég hefði ekki fyrir nokkrum dögum fengið upplýsingar um stórmerkar uppgötvanir er gerðar hafa verið í þágu sundkenslunnar, í New York í haust, og rutt hafa sér til rúms í öllum sundhöllum þar í borg.

Áður en ég lýsi uppgötvunum þessum vil ég fyrst að nokkru lýsa óþægindum og örðugleikum þeirra er byrja að nema sund. Flestir sundnemar hafa mjög mikil óþægindi af því að þeim hettir mjög til að fá vatn uppí munn og nef, er með innöndunni sogast niður í barkann og veldur andköfum og hósta, stafar þetta af því að sundneminn kann ekki að anda í takt við sundhreifingarnar, það er því svo um flesta sundnema að þeir þeita athygli sinni fyrst og fremst að því, að gæta þess að fá ekki vatn uppí vitin, og taka því ekki nægilega eftir tilsögn kennarans, enda eru hreifingar flestra byrjenda í vatninu mjög fálmkendar, og bera þess vott að maðurinn beitir ekki hugsun sinni að þeim hreifingum er hann á að gera nema að mjög litlu leití, annað er öllum sund-byrjendum sameiginlegt, það er að fætur þeirra liggja miklu dýpra í vatninu en þeir ~~sgá~~ eiga að gera, og það enda þótt sundneminn hafi kút á bakinu.

Uppgötvanir þær er ég gat um að ofan ráða bót á báðum þessum byrjunar erviðleikum, á þeim fyrri á þann hátt að sundneminn notar grímu sem er gerð úr gummíi, gríman fellur svo vel að höfðinu að þar kemst ekkert vatn að, frá munn og nefi liggja pípur er ná uppúr vatninu



gegnum þær andar sundneminn, pípur þessar eru þanneg gerðar að vatn getur ekki komist niður í þær, sundneminn getur því legið rólegur með andlitið niður í vatninu og beitt allri athygli sinni að sundnáminu án þess stöðugt að óttast að fá vatn í vitin.

Síðari uppfindingin er fullkommun á sundrólu, og er íxíxíxí fólgin í sérstaklega gerðu belti, er sundneminn spennir um mittið, aftan í beltið er fest snúra er leikur í trissum er festar eru með sérstökum útbúnaði í slá er liggur lárétt í l.m. hæð frá laugarbakkanum og nær ca l.m. útyfir vatnið, Kennarinn getur með að halda annari hendi í snúruna mjög hæglega stjórnað hversu djúpt eða grunt nemandinn liggur í vatninu, þessa uppfindingu mun þó tæplega vera hægt að nota við hóp-kenslu.

Ég er sannfærður um að sundgríman er með því allara merkasta er nokkru sinni hefir verið fundið upp í þágu sundíþróttarinnar, og mun léttta sundnám mjög mikið, ég hefi eftir sundkennurum í New York, að þeir kenni nemendum með þessum grímum sund á meira en helmingi skemri tíma en hugsanlegt var áður, ég hefi myndir og skýringar af báðum þessum uppfindingum, og fæ bráðlega nokkur stikki til reinslu, Ég hefði gjarnan viljað skýra yður frá þessu munnlega, en get því miður ekki komið því við, dvel hér við fimleikakenslu til jóla.

Ég ætla að beita mér fyrir að kynna þessar nýjungar hjer heima eftir mátti, en ég töl að ég myndi hafa til þess mjög góða aðstöðu ef ég fengi stöðu sem sundkennari við sundhöllina í Reykjavík.

Það er því von mín og beiðni til yðar að þér leggið umsókn minni um sundkenslu-starf liðsyrði yðar.

Virðingarfyllst.

Rögnvaldur Sveinbjörnsson.